

278. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 13. september 2016 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

**Mættir:**

Kristjana Hermannsdóttir  
Björn H Hilmarsson  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.


**Dagskrá:**


- 1) **Bréf frá Mílu, dags. 10. september 2016, varðandi upplýsingar um ljósleiðaravæðingu sveitarfélaga.**  
Lagt fram til kynningar.
- 2) **Bréf frá Þjóðleikhúsinu, dags. 11. september 2016, varðandi leikferð Þjóðleikhússins.**  
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Bréf frá Lofti Vigni Bjarnasyni, dags. 2. september 2016, varðandi úrsögn úr íþrótt- og æskulýðsnefnd.**  
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða og þakkar Lofti setu sína í nefndum Snæfellsbæjar. Nýr nefndarmaður verður tilnefndur á næsta fundi bærarstjórnar.
- 4) **Bréf frá Páli S. Brynjarsyni, dags. 2. september 2016, varðandi haustþing SSV þann 5. október n.k.**  
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Bréf frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 6. september 2016, varðandi ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þann 21. september n.k.**  
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Bréf frá bærarstjóra Stykkishólmsbæjar, dags. 2. september 2016, varðandi sameiningarmál.**  
Lagt fram til kynningar.
- 7) **Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytinu, dags. 6. september 2016, varðandi auglýsingu umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2016/2017.**  
Bærarstjóri sagði frá því að erindinu hafi verið svarað.
- 8) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 6. september 2016, varðandi ósk um umsögn bærarstjórnar um umsókn Gunnars H Haukssonar um leyfi til að reka gististað í flokki I, heimagisting, að Grundarbraut 42 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.**  
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Gunnars H Haukssonar um leyfi til að reka gististað í flokki I, heimagisting, að Grundarbraut 42 í Ólafsvík, Snæfellsbæ, að því tilskyldu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jákvæða umsögn.
- 9) **Bréf frá slökkviliðsstjóra, dags. 6. september 2016, varðandi ósk um aukafjárveitingu.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita aukafjárveitingu til kaupa á slöngum fyrir klippibúnað slökkviliðsins, að upphæð kr. 750.000.- Peningurinn verður tekinn af lið 27, Ófyrirséð.
- 10) **Minnispunktur bærarstjóra.**
  - a) Bærarstjóri sagði frá vinnu við brunavarnaráætlun Snæfellsbæjar. Hún er í fullum gangi.
  - b) Bærarstjóri sagði frá útköllum slökkviliðsins.
  - c) Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bærarstjóra og bæjarritara að hefja vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2017.
  - d) Bæjarritari sagði frá nýrri uppfærslu á bókhaldskerfinu sem fyrirhuguð er.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:40

  
Kristjana Hermannsdóttir

  
Björn H Hilmarsson

  
Fríða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæraritari